



Vísindaferð VAFRÍ í vatnsveitu og fráveitu Akraness 2013

Minnisblað

Þann 3. október 2013 bauð Varma og Vélaverk félögum í VAFRÍ í vísindaferð til Akraness þar sem skoðaðar voru vatnsveitan og eins dælu og hreinsistöð fráveitu.

Ferðin hófst með því að þátttakendur sem voru um 30 manns söfnuðust saman við höfuðstöðvar Varma og Vélaverks við Knarravog. Á leiðinni út úr borginni var komið við á Bæjarhálsinum hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Þar komu fleiri gestir um borð í rútuna. Að því búnu var haldið á vit ævintýranna til Akraness.

Fyrsti viðkomustaðurinn á Akranesi var á Dalbraut 8 þar sem Gissur Þór Ágústsson Svæðisstjóri Orkuveitunnar á Vesturlandi sýndi gestum höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur á Vesturlandi.

Vatnsból

Eftir heimsókn á Dalbrautina var haldið upp í vatnsból Akurnesinga sem er við rætur Akrafjalls. Á leiðinni rakti Gissur Þór og Sigurbjörn Búi sögu vatnsveitunnar sem nær allt aftur til 1930 þegar Finnþogi Rútur Þorvaldsson (faðir Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta) var fenginn til þess að meta kosti þess að virkja Berjadalsánnu til vatnstöku fyrir Akranes.

Þegar komið var að vatnsbólunum þá var byrjað á því að skoða stífluna sem er mikið mannvirki smíðað 1968. Árið 2005 voru gerðar viðamiklar endurbætur á stíflunni sem meðal annars fólst í því að endurnýja allar lagnir, loka, göngubrýr, inntaksþró, moka upp framburði sem safnast hafði saman í stíflunni til áratuga ásamt ýmsum öðrum verkum. Gissur Þór og Sigurbjörn Búi fóru yfir þessa framkvæmd og virkni stíflunnar. Með í för var einnig Ólafur Árnason verkfræðingur frá Almennu Verkfræðistofunni (Verkís) sem hannaði endurbæturnar ásamt Gísla Karel. Eftir skoðun á stíflunni var farið niður að sandsíu og hún skoðuð. Allt vatn sem kemur frá stíflunni er sandsíað áður en vatnið er sent inn á stofnlögn sem liggur að Geislahúsi. Miklar endurbætur voru gerðar á Sandsíunni árið 2013 sem meðal annars fólu í sér að settir voru upp rennslisstýrðir lokar bæði á Sandsíu og vatnsþró til þess að koma í veg fyrir að ótæpilegt vatn rynni á yfirföllum þegar vatnsnotkun minnkar vegna mismunandi notkunar í kerfinu.

Eftir að gestir höfðu skoðað mannvirki vatnsveitunnar við Akrafjall var farið í Geislahúsið sem er staðsett á Golfvellingum þar sem allt neysluvatn er geislað áður en vatn fer inn á dreifikerfið. Gissur Þór og Sigurbjörn Búi fóru yfir virkni geislatækjanna. Gestgjafinn Þorgrímur H Guðmundsson frá Varma og Vélaverk fór einnig yfir virkni geislatækjanna en þeir eru þjónustuaðila fyrir tækin. Eftir skoðun á vatnsveitunni var farið niður í dælu og hreinsistöð fráveitu sem staðsett er á Ægisbrautinni.

Fráveita

Undanfarandi ár hefur verið unnið að því verkefni að safna öllu skólpi saman er kemur frá Akurnesingum á einn stað í dælu og hreinsistöðinni þar sem skólp verður grófhreinsað og síðan dælt út í sjó í um 1600 m langri pípu sem mun liggja í um 1100 m frá landi.

Gissur Þór og Sigurður Ingi Skarphéðinsson fóru yfir verkefnið en stefnt er að því að því verði lokið í árslok 2016. Búið er að leggja mest allar lagnir í verkinu að undaskyldri sjólögninni sem eftir er að leggja. Einnig er búið að byggja allar dælustöðvar í verkinu en eftir er að setja upp vélbúnað. Einnig fóru yfir verkið þeir Ólafur Árnason hjá Almennu verkfræðistofunni (Verkís) sem hannaði verkið og eins gestgjafinn Þorgrímur H Guðmundsson sem útvegar mikið af vélbúnaði í verkið.

Eftir vel heppnaða ferð bauð Varma og Vélaverk til veglegrar veislu þar sem kneifað var á öli og snætt bakkelsi. Eftir afar vel heppnaða ferð var haldið til Reykjavíkur um kl 17:00.

Sigurbjörn Búi Sigurðsson
Ritari VAFRÍ

